

SÉRKJARASAMNINGUR
milli
AFLs - Starfsgreinafélags og Drifanda – Stéttarfélags
og
Samtaka atvinnulífsins
vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum

1. gr.

Samningstími

Kjarasamningur aðila vegna starfsmanna í fiskmjölsverksmiðjum framlengist til 15. maí 2019 með þeim breytingum sem kveðið er á um í samningi þessum og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

2. gr

Laun

Kauptaxtar verða sem hér segir:

Almennir starfsmenn

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	316.908	1.828,35	326.415	1.883,20
Eftir 1 ár í starfsgrein	320.250	1.847,63	329.857	1.903,06
Eftir 3 ár í starfsgrein	323.643	1.867,21	333.352	1.923,22
Eftir 5 ár í starfsgrein	327.087	1.887,08	336.900	1.943,69
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	330.583	1.907,24	340.500	1.964,46

Starfsmenn með SF-námskeið

	Frá 1. mars 2017		Frá 1. maí 2018	
	Mán.l.	Dagv.	Mán.l.	Dagv.
Byrjunarlaun	337.734	1.948,50	347.866	2.006,96
Eftir 1 ár í starfsgrein	343.022	1.979,01	353.313	2.038,38
Eftir 3 ár í starfsgrein	346.750	2.000,52	357.152	2.060,53
Eftir 5 ár í starfsgrein	350.534	2.022,35	361.050	2.083,02
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	354.374	2.044,50	365.005	2.105,84

H.F. Saks

Starfsmenn með SF-námskeið og viðbótarnámskeið

Byrjunarlaun
Eftir 1 ár í starfsgrein
Eftir 3 ár í starfsgrein
Eftir 5 ár í starfsgrein
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki

Frá 1. mars 2017	
Mán.l.	Dagv.
344.686	1.988,61
353.425	2.039,03
357.273	2.061,23
361.179	2.083,77
365.141	2.106,63

Frá 1. maí 2018	
Mán.l.	Dagv.
355.027	2.048,27
364.028	2.100,20
367.991	2.123,07
372.014	2.146,28
376.096	2.169,82

Eftir endurnýjun almennra kjarasamninga SA og stéttarfélaganna árið 2019 munu aðilar taka upp viðræður um framlengingu samningsins. Aðilar eru sammála um að launabreyting starfsmanna sem taki laun skv. samningi þessum gildi frá sama tíma og samið verður um í almennum kjarasamningum árið 2019.

3. gr.

Vaktavinna

1. mgr. gr. 3.2 orðist svo:

Í vaktavinnu skal greiða meðalvaktálag, 36%, á vinnu vaktavinnumanna hvort sem unnið er á tvískiptum 12 tíma vöktum, tveir hópar, eða tvískiptum 12 tíma vöktum, þrjú hópar. Meðalvaktálagið felur í sér vaktálag, skv. gr. 18.3.2 í samningi SGS og SA, og áðurgildandi frívaktarákvæði.

Inn komi málsgrein sem verði 4. mgr. greinar 3.7:

Ef vaktir eru skipulagðar með skiptivaktardegum (tvískiptar vaktir) og starfsmenn uppfylla ofangreindu ákvæði, skal vaktavinna um helgi undanskilin ofangreindu ákvæði um 40 klst. vinnuskil. Helgi er 48 klst. tímabil sem nær a.m.k. til tímabilsins frá kl. 07:30 / 08:00 á laugardagsmorgni til kl. 24:00 á sunnudagskvöldi.

Grein 3.12 orðist svo:

Á vöktum eða þegar brætt er utan vakta fá starfsmenn greiddan kaupauka – vaktabónus. Greiddar eru kr. 167 á klst. (kr. 2000 á 12 klst. vakt).

4. gr.

Um vinnuföt

Grein 6.3 orðist svo:

Útvinnumenn og þróarmenn skulu fá vatnsheldan hlífðarfatnað og/eða kuldagalla/úlpu og skal hann endurnýjaður eftir þörfum. Verkamenn sem vinna með skaðleg efni, eða við óþrifaleg störf skulu fá gúmmihanska eftir þörfum.

5. gr.


Afgreiðsla sérkjarasamnings

Atkvæðagreiðsla um samninginn skal vera sameiginleg meðal þess verkafólks sem starfar í fiskimjölsverksmiðjum á félagssvæði AFLs og Drífanda.


Verði almennum kjarasamningum SA og stéttarfélaganna sagt upp í febrúar 2018 og samið um meiri hækkun launa munu aðilar taka upp viðræður um breytingu á launalið samnings þessa. Sama á við ef gerðar verða breytingar á almennum kjarasamningum á gundvelli forsenduákvæða þeirra.

Reykjavík, 19. maí 2017

F.h. AFLs Starfsgreinafélags


Óttinn Ómarsson

F.h. Samtaka atvinnulífsins


Hósti Arnar

F.h. Drífanda stéttarfélags


Sunnveig

Bókun vegna neysluhléa

Aðilar eru sammála um að greiðsla fyrir sveigjanleg neysluhlé og tilfallandi vinnu í neysluhléum sé innifalin í kauptöxtum. Ef vinna er hins vegar skipulögð á þann hátt að starfsmenn eiga almennt ekki kost á að taka að fullu þau neysluhlé sem kjarasamningurinn kveður á um þá skuli koma greiðsla fyrir.

